

## 21. Fundur Umhverfis- og Náttúruverndarnefndar Skaftárhrepps

Mættir: Jóna Björk Jónsdóttir formaður, Jóhannes Gissurarson og Sveinn Hreiðar Jensson.

Haldinn á Kirkjubæjarstofu föstudaginn 23.09.2016 kl 19:30

Dagskrá fundar:

### 1. Fjárhagsáætlun næsta árs.

Umhverfis- og náttúruverndarnefnd óskar eftir áframhaldandi fjárframlagi til að staðsetja gáma í eina viku í hverju hinna gömlu hreppa sveitarfélagsins líkt og var síðastliðið sumar í samtali við Íslenska Gámafélagið.

Jafnframt óskar umhverfis- og náttúruverndarnefnd eftir því að fjármagn verður tryggt til að framleiða upplýsingaskilti og setja á helstu áningarstaði meðfram þjóðvegi í Skaftárhreppi. Tilgangur þessara skilta er að upplýsa hversu langt er á næsta tjaldstæði og á gámapöllum, verða skiltin að lágmarki á fimm tungumál.

Umhverfis- og náttúruverndarnefnd skorar á sveitarstjórn að tryggja fjármagn í láglandisvörð innan Skaftárhrepps, láglandisvörður hefur eftirlit með helstu áningarstöðum í sveitarfélaginu.

### 2. Úthlutun viðurkenninga á uppskeruhátíðinni.

Umhverfis- og náttúruverndarnefnd fjallaði um mögulegar tilnefningar fyrir umhverfisverðlauna Skaftárhrepps.

### 3. Næturdvöl húsbíla í sveitarfélaginu eftir lokun tjaldsvæða.

Ferðamálastofa hefur sent út fyrirspurn vegna skorts á þjónustu við „campera“ utan opnunartíma tjaldstæða. Nefndin telur æskilegt að leigusalar „campera“ leiti samstarfs við þjónustuaðila á svæðinu utan hefðbundis opnunartíma tjaldstæða.

Nefndin telur æskilegt að það verði skoðað við uppbyggingu á gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs hugað verði að aðstöðu vegna campera og annara umferða á jaðartímum.

### 4. Erindi Benedikts Lárussonar dagsett 10.08.16

Umhverfis- og náttúruverndarnefnd barst afrit af bréfi Benedikts Lárussonar til sveitarstjórnar. Nefndin leggur áherslu á að fundinn verði skilvirk lausn á gistingu utan merktra tjaldstæða og kallað verði eftir samstarfi við viðeigandi stofnanir vegna málsins.

### 5. Önnur mál.

Málefni Grenlækjar. Umhverfis- og náttúruverndarnefnd leggur ríka áherslu á að framtíðarlausn verði fundin á vatnaveitingum í Eldhrauni, þar sem tekið verði jafnt tillit til lífríkis í lækjum og lindum í Landbroti og Meðallandi sem og gróðureyðingar í Eldhrauni.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundargerð ritaði Sveinn Jensson.